

Nd.

417. Nefndarálit

[43. mál]

um frv. til l. um Fjárfestingarfélag Íslands h.f.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir, að stofnað verði Fjárfestingarfélag Íslands h.f., sem hafi það hlutverk m. a. að „útvega, veita og ábyrgjast lán til atvinnufyrirtækja“ og „kaupa, eiga og selja hlutabréf í atvinnufyrirtækjum“, eins og segir í frumvarpinu.

Starfandi eru í landinu margir opinberir stofnlánasjóðir, sem ætlað er það hlutverk að veita nauðsynleg stofnlán til fyrirtækja. Þannig starfa m. a. stofnlánasjóðir sjávarútvegs, landbúnaðar, iðnaðar, verzlunar, ferðamála, lánasjóður sveitarfélaga og ýmsir fleiri. Nýr sjóður í formi hlutafélags, sem ætlað er stofnlánahlutverk, sýnist því varla aðkallandi. Hinir opinberu stofnlánasjóðir, sem nú starfa, þyrftu að vísu flestir að hafa meira fjármagn til útlána en þeir hafa. En væri þá ekki rétt að efla fremur þá sjóði, sem fyrir eru, en stofna til nýs sjóðs með hliðstæð verkefni og opinberu sjóðirnir hafa.

Til viðbótar þeim sérstöku starfsgreina stofnlánasjóðum, sem hér hafa verið nefndir, starfa einnig ýmsir aðrir sjóðir, sem veita stofnlán til ýmiss konar framkvæmda, ýmist til viðbótar því, sem hinir sérstöku stofnlánasjóðir veita, eða sérstök stofnlán. Þar má nefna atvinnuleysistryggingasjóð, Tryggingastofnun ríkisins, Atvinnuöfnunarsjóð, Fiskimálasjóð, veðdeild Landsbankans, váttryggingarfélag o. fl.

Ég tel hæpið, að opinberir sjóðir fari að ráðstafa fé sínu til þess hlutafélags, sem gert er ráð fyrir, að stofnað verði samkv. frumvarpinu. Mér sýnist því ekki ástæða til að samþykkja frumvarpið.

Alþingi, 12. marz 1970.

Lúðvík Jósefsson.